



Sestu
lestu



Vélmennið í grasinu

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:

1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Skoðaðu nú aftur myndirnar á bókarkápunni og veldu þér eina persónu. Lýstu
persónunni og hvaða hlutverk þú heldur að hún hafi í sögunni. Þú getur líka
búið til stutta sögu. _____

Tröllkarlinn bls. 5-10

1. Hvað heitir stelpa í sögunni? _____
2. Við hvað vinnur pabbi hennar? _____
3. Í hvaða bæjarfélagi gerist sagan? _____
4. Hvað er pabbi Þóru að gera á Seyðisfirði? _____

5. Lýstu húsinu þar sem Þóra og pabbi hennar búa á Seyðisfirði. Lýstu því bæði að innan og utan. _____

6. Hvað hlakkaði pabbi til að sýna Þóru í galleríinu?

- ☐ vélmenni
- ☐ málverk
- ☐ tröll



7. Úr hverju var trölfið búið til? _____

8. Hvað heitir gamli maðurinn sem bjó til brotajárnskarlana?

- ☐ Friðjón
- ☐ Friðfinnur
- ☐ Friðmundur

9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. _____

10. Rifjaðu upp hvað sérnöfn og samnöfn eru. Í textanum eru sex sérnöfn og mörg samnöfn. Finndu öll sérnöfnin og sama fjölda af samnöfnum.

sérnöfn	samnöfn

11. Raðaðu eftirfarandi orðum í rétta stafrófsröð. Gott er að númera orðin áður en þú skrifar þau niður. Mundu að vanda skriftina.

íbúð – tröllkarl – þoka – jeppi – sýning – hús – gallerí – bær – hjólkoppur – fjöll



Járnfólkið bls. 11-14

1. Hvað fann Þóra inni í hellinum fyrir ofan eyðibýlið? _____

2. Járnkarlinn sem Þóra fann var sá:

☐ 13.

☐ 14.


☐ 15.

3. Hvað merkir orðið *fjallsrót*?

☐ Ræturnar sem halda fjalli föstu.

☐ Grænmeti sem vex í fjallinu.

☐ Neðsti hluti fjalls.



4. Hvað merkir orðið *hellismunni*?

☐ Opið inn í hellinn.

☐ Munnurinn á járnkarlinum.

☐ Toppurinn á fjallinu.

5. Lýstu járnkarlinum sem var við hellismunnann. _____

6. Hvað merkir orðið *einbúi*? _____

7. Í hvernig ásigkomulagi var bóndabærinn? Finndu dæmi um það í textanum.

8. Hvað sá þóra í grasinu? _____

9. Hvað merkir sögnin *að glitta* í eitthvað?

- ☐ Þegar eitthvað sést vel.
- ☐ Þegar eitthvað glitrar af glimmeri.
- ☐ Þegar rétt sést í eitthvað.



10. Rifjaðu upp hvað nafnorð og sagnorð eru. Finndu níu nafnorð og níu sagnorð í kaflanum og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.


Nafnorð (no.)	Sagnorð (so.)

Leynistofan bls. 15-18

1. Þóra ætlaði að rannsaka málið upp á eigin spýtur.

Það merkir að hún hafi ætlað að ...

- ☐ nota spýtur til að rannsaka málið
- ☐ rannsaka málið sjálf án hjálpar annarra
- ☐ rannsaka málið í samvinnu við aðra



2. Hvað er neðanjarðarbyrgi? _____

3. Hvað sá Þóra þegar hún gekk niður stigann í neðanjarðarbyrginu?

4. Loftið var þungt og gólfið rykugt. Hvað er átt við með að loftið hafi verið þungt?

5. Hvað hélt Þóra að væri undir hvíta lakinu á borðinu? _____

6. Hvað gerðist þegar Þóra greip í handfangið á veggnum?


- ☐ Hurðin lokaðist og hún læstist inni í neðanjarðarbyrginu.
- ☐ Veggirnir tóku að titra og drunur fylltu byrgið.
- ☐ Það gerðist ekki neitt og Þóra fór út í rólegheitunum.

7. Hvað merkir *að vera stjarfur*? _____

8. Hvað heldur þú að hafi verið undir lakinu á borðinu? _____


9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

10. Hvað heldur þú að gerist í næsta kafla? _____



11. Rifjaðu nú upp hvað lýsingarorð eru. Finndu átta lýsingarorð í kaflanum og skrifaðu þau hér fyrir neðan.

Lýsingarorð (lo.)



12 Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

Eintala (et.)	Fleirtala (ft.)
krítartafla	
	vinnustofur
trappa	
	vasaljós
handfang	
	drunur
augnablik	
	skrímli

Uppvakningurinn bls. 19-23



1. Af hverju ætli pabbi Þóru hafi ekki svarað símanum? _____

2. Hvað er átt við með að hræðslan hafi togað Þóru út á götu úr galleríinu?

- ☐ Hræðsla er nafn á konu.
- ☐ Hræðsla var rödd í höfðinu á Þóru og stjórnaði henni.
- ☐ Þóra var hrædd og flúði út úr galleríinu.

3. Hvað var pabbi Þóru að gera þegar hún kom heim? _____

4. Hvað sagðist Þóra hafa fundið á bóndabænum?

- ☐ Leyniherbergi og uppvakning liggjandi uppi á borði.
- ☐ Leyniherbergi og Friðfinn gamla liggjandi uppi á borði.
- ☐ Leyniherbergi og Friðfinn hlaupandi um snaróðan og bölvandi.


5. Hvað hélt Þóra að Friðfinnur gamli væri? _____

6. Hvað er uppvakningur? _____

7. Af hverju trúði pabbi Þóru ekki þegar hún sagði honum að Friðfinnur hefði lifnað við? _____

8. Hvað fannst pabba Þóru líklegt að hefði gerst þegar hún sagðist hafa lífgað einhver við? _____

9. Hvers vegna heldur þú að Þóra hafi haft litla matarlyst? _____



10. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum

eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

11. Rifjaðu nú upp kyn orða. Settu orðin hér fyrir neðan á réttan stað í töfluna.

Mundu eftir hjálparorðunum *minn – mín – mitt*.

pabbi – dóttir – útiföt – saga – borð – herbergi – síminn – súpa – glugginn

Karlkyn (kk.)	Kvenkyn (kvk.)	Hvorugkyn (hk.)

Maðurinn í húsinu bls. 24-30

1. Hvers vegna fannst þabba leynerbergið stórmerkilegur fundur?

- ☐ Hann dáðist að uppvakningunum í leynerberginu.
- ☐ Hann dáðist að gömlu tölvunum og vélunum.
- ☐ Hann dáðist að Friðfinni sem lá undir lakinu á borðinu.

2. Hvaða skýringu gaf Þóra á því að maðurinn var hvergi að finna í leynerberginu?

Hvað hélt hún að hann væri að gera? _____

3. Hvað merkir að vera hæglát?



4. Lýstu bóndabænum eins og hann var orðinn: _____

5. Hvað sáu Þóra og pabbi hennar þegar þau læddust inn í bóndabæinn?

6. Hvað heitir pabbi Þóru? _____



7. Lýstu því hvernig maðurinn við skrifborðið leit út.

8. Hvað hét vélmaðurinn? _____


9. Hver ætli hafi verið faðir vélmannsins? _____

10. Hvað heldur þú að gerist í næsta kafla? _____

11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.

Einmana vélmenni bls. 31-34

1. Hvað spurði Vélmar Þóru og pabba hennar ítrekað um?



2. Hvað átti pabbi við þegar hann sagði Vélmari að Friðfinnur væri farinn?

- ☐ Friðfinnur væri farinn til útlanda.
- ☐ Friðfinnur væri farinn langt í burtu, en kæmi fljótlega.
- ☐ Friðfinnur væri dáinn.

3. Af hverju heldur þú að röddin í Vélmari hafi verið hálfbrostin þegar hann frétti að Friðfinnur væri dáinn? _____

4. Hvað vildi Vélmar gera fyrir Friðfinn?

- ☐ Vélmennið vildi gera við hann sjálfur.
- ☐ Vélmennið vildi fá Þóru til að hjálpa sér að gera við hann.
- ☐ Vélmennið vildi fá lækna til að lífga hann við.

5. Hvers vegna heldur þú að Vélmar hafi viljað vera í friði? _____

6. Af hverju ætli pabbi hafi ekki viljað láta fréttamenn vita af Vélmari?

7. Af hverju fannst pabba Friðfinnur vera snillingur? _____


8. Af hverju var pabbi svona æstur?

- ☐ Hann hlakkaði til að hringja í blaðamenn og fá mynd af sér í blöðin.
- ☐ Hann hlakkaði til að komast heim og fara að sofa.
- ☐ Hann sá alvöru vélmenni og vissi að Friðfinnur var snillingur.

9. Af hverju heldur þú að Vélmar hafi ekki langað að fara í fréttirnar?

10. Hvað var Þóra að hugsa um áður en hún sofnaði? _____

11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum
og segðu félaga þínum frá þeim
í réttri atburðarás.



12. Hvað heldur þú að gerist í næsta kafla?

Eldsvoði bls. 35-39



1. Hvað sá Þóra þegar hún kíkti út um gluggann? _____

2. Hvað merkir *að standa í ljósum logum*? _____

3. Hvað sáu Þóra og pabbi hennar þegar þau kíktu inn í leynistofuna?

- ☐ Allt var eins og áður og Vélmar lá uppi á borðinu.
- ☐ Allar tölvurnar voru mölbrotnar og Vélmar hvergi að sjá.
- ☐ Allar tölvurnar voru mölbrotnar og Vélmar stóð á gólfinu.

4. Hvað merkir orðið *bæjarstæði*?

- ☐ Það er svæðið þar sem hús stendur.
- ☐ Það er svæði fyrir bílastæði.
- ☐ Það er svæði fyrir leikvöll.

5. Neðst á bls. 37 kemur fram að pabbi Þóru hafi *maldað í móinn* þegar lögreglan rak þau burt frá bænum. Hvað merkir *að malda í móinn*?

- ☐ Að leika sér í móum.
- ☐ Að mótmæla eða andmæla einhverju.
- ☐ Að samþykkja eitthvað skilyrðislaust.

6. Skrifaðu málsgrein þar sem orðatiltækið *að malda í móinn* kemur fyrir.

7. Af hverju heldur þú að slökkviliðsmaðurinn hafi verið svona pirraður?

8. Hvar kom Þóra auga á Vélmar? _____

9. Hvað merkir *að hlaupa eins og fætur toga*?


- ☐ Að elta fætuna á þeim sem hleypur á undan.
- ☐ Að einhver togar í fætuna.
- ☐ Að hlaupa eins hratt og maður getur.



10. Af hverju ætlaði Vélmar að eyðileggja vélina sína? _____

11. Hvar heldur þú að Vélmar eigi að búa? _____

12. Hvernig heldur þú að Vélmari hafi liðið þegar Þóra faðmaði hann og sagði að hann þyrfti ekki að vera einn? _____



13. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

Listamaðurinn bls. 40-45


1. Hver var Kristófer Klængur? _____

2. Hvað var fólkið á sýningunni komið til að gera? _____

3. Hver var nýi starfsmaðurinn? _____

4. Hvað merkir **að skilja hvorki upp né niður**?

- ☐ Vilja fara upp en ekki niður.
- ☐ Skilja ekki neitt.
- ☐ Skilja ekki hvað orðin upp og niður merkja.



5. Hvað sagði Vélmar fólkinu? _____

6. Vélmar heillaði fólkið upp úr skónum. Hvað merkir það?

- ☐ Fólkinu líkaði vel við hann og dáðist að honum.
- ☐ Vélmar tók alla úr skónum.
- ☐ Fólkið var pirrað af því að það mátti ekki vera í skóm.

7. Af hverjum var styttan sem Vélmar bjó til? _____

8. Hvar átti Vélmar heima? _____

9. Hvaða fékk Vélmar að gera á Seyðisfirði?

- ☐ Hann vann á pósthúsinu og í galleríinu.
- ☐ Hann vann í galleríinu og hjálpaði til við ýmislegt í kaupstaðnum.
- ☐ Hann vann í galleríinu og passaði lítil börn.

10. Vélmar hélt stundum sýningar í galleríinu. Hvernig sýningar heldur þú að hann hafi haldið? _____

11. Ræddu við féлага. Hvað haldið þið að verði um Vélmar eftir ...

20 ár? _____

50 ár? _____

100 ár? _____



Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókin? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Um hvað er sagan? Ef þú ættir að segja einhverjum frá þessari bók, hvernig myndir þú lýsa henni?

3. Lýstu vélmenni sem þú myndir búa til eða eignast:

